



**2. fundur
tómsunda- og æskulýðsnefndar norðurbings
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurbings,
mánudaginn 14. febrúar 2011 og hófst hann kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Hjálmar Bogi Hafliðason, Hafsteinn H Gunnarsson, Ingólfur Freysson, Sigríður Valdimarsdóttir, Sigurgrímur Skúlason, Jóhann Rúnar Pálsson,

Fundargerð ritaði: Jóhann Rúnar Pálsson, Æskulýðsfulltrúi

Dagskrá:

1. 201102058 - Búningsaðstaða íþróttavalla á Húsavík í kjallara Sundlaugar Húsavíkur

Tómsunda- og æskulýðsnefnd telur brýnt að farið verði í lágmarksframkvæmdir vegna búningsaðstöðu íþróttavallarins í Sundlaug Húsavíkur. Vísað er í greinargerð tómsunda- og æskulýðsfulltrúa frá 12. janúar 2011. 📄

2. 201009063 - Gervigrasvöllur/sparkvellir

Tómsunda- og æskulýðsnefnd fór yfir stöðu mála. Einhugur er innan nefndarinnar um að farið verði í framkvæmdirnar.

3. 201012014 - Boð á Álaborgarleikana 2011

Tómsunda- og æskulýðsnefnd leggur til að ungum golfiðkendum bjóðist að fara á leikana. Tómsunda- og æskulýðsfulltrúa falið að vera í samstarfi við Golfklúbb Húsavíkur vegna þessa.

4. 201011003 - Ósonering í Sundlaug Húsavíkur

Tómsunda- og æskulýðsnefnd er einhuga um að farið verði í ósoneringu í Sundlaug Húsavíkur. Nefndin leggur til við Bæjarráð að farið verði í framkvæmdina. Vísað er í greinargerð frá 10.nóv. 2010 og kostnaðaráætlun tómsunda- og æskulýðsfulltrúa.

5. 201006081 - Leikvellir í sveitarfélaginu Norðurbingi.

Tómsunda- og æskulýðsnefnd fór yfir skipulag leikvalla á Húsavík. Nefndin leggur til að leiksvæði verði endurskilgreint og fækkað úr 16 í 10. Jafnframt leggur nefndin til að einn leikvöllur verði endurnýjaður ár hvert. Tómsunda- og æskulýðsfulltrúa falið að vera í samstarfi við fulltrúa "Úti á Túni" vegna hugmynda að merkingu og kynningu á leikvöllum í sveitarfélaginu.



6. 201102059 - Heimöx, umsókn um styrk

Tómsunda- og æskulýðsnefnd samþykkir vinnuframlag af hálfu Vinnuskólans og felur tómsunda- og æskulýðsfulltrúa útfærslu málsins.

7. 201102057 - Styrkbeiðni 6. bekkjar Borgarhólsskóla vegna öskudags

Tómsunda- og æskulýðsnefnd samþykkir að fella niður leigugjald af íþróttahöllinni vegna öskudagsballs 6. bekkjar Borgarhólsskóla.

8. 201010096 - Ungmennaráð Norðurbings - erindisbréf

Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi fór yfir stöðu mála. Tómsunda- og æskulýðsnefnd leggur til að ungmennaráðið verði kynnt nú á vorönn og að kosið verði í ráðið í byrjun haustannar. Tómsunda- og æskulýðsfulltrúa falið að fá skólana og hlutaðeigandi aðila til samstarfs og ákveða kjördag að haustinu.

9. 201102055 - Forvarnir í sveitarfélaginu

Tómsunda- og æskulýðsnefnd telur nauðsynlegt að mótuð verði forvarnarstefna með það í huga að samræma forvarnir og útvíkka hugtakið forvarnir þannig að það taki til fleiri þátta en vímuvarna, s.s. samskipti og netnotkun. Tómsunda- og æskulýðsfulltrúa falið að vinna áfram að málinu í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

10. 201102054 - Golfklúbbur Húsavíkur

Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi kynnti málið.

11. 201102053 - Samningar vegna styrkveitinga íþrótt- og félagasamtaka.

Tómsunda- og æskulýðsnefnd setur sér að gera samninga við félagasamtök til lengri tíma með skýr markmið og samvinnu um verkefni.

12. 201102051 - Reglur um klæðaburð ungmenna, Samfés

Tómsunda- og æskulýðsnefnd tekur undir áhyggjur forsvarsmanna Samfés vegna klæðaburðar barna og unglunga á skemmtunum.

13. 201102050 - Málefni nýbúa og aðgengi að tómsundum, íþróttum og afþreyingu

Tómsunda- og æskulýðsnefnd felur tómsunda- og æskulýðsfulltrúa að fara í samstarf við Rauða kross Íslands, íþróttafélög og stéttarfélög með það í huga að upplýsa nýbúa um tómsundir, íþróttir og afþreyingu innan sveitarfélagsins.

14. 201102052 - Reglur um sundstaði/skíðasvæði

Tómsunda- og æskulýðsnefnd fór yfir nýjar reglur er varða sundstaði. Tómsunda- og æskulýðsfulltrúa falið að skerpa reglur er varða skíðasvæði.



15. 200909078 - Kynning tómsunda- og æskulýðsfulltrúa

Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi fór yfir stöðu mála innan málaflokksins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00